

Breytingartillaga
við tillögu að starfsreglum um kosningu
biskups Íslands og vígslubiskupa.
(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af Hjalta Hugasyni, Skúla S. Ólafssyni
og Svönu Helen Björnsdóttur.
Frsm. Skúli S. Ólafsson.

1. gr.

Ný 14. gr. tillögunnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Hæfisnefnd.

■ Hæfisnefnd metur hæfi þeirra sem tilnefnd hafa verið og velur þrjú úr þeirra hópi sem í kjöri verða.

□ Hæfisnefnd er skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, einum tilnefndum af Prestafélagi Íslands og einum sem forsætisnefnd kirkjuþings tilnefnir, sem jafnframt er formaður. Í nefndinni sitji fólk af báðum kynjum í samræmi við jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

□ Þau sem tilnefnd hafa verið til biskupskjörs leggja hæfisnefnd til ferilskrá sína ásamt stuttri greinargerð.

□ Við mat sitt gengur hæfisnefnd út frá eftirtöldum þáttum:

1. Menntun.
2. Starfsreynslu.
3. Reynslu af leiðtogastörfum.
4. Ritstörfum og þátttöku í opinberri umræðu.
5. Fjölda tilnefninga.

□ Hæfisnefnd skilar rökstuddri niðurstöðu innan tveggja vikna frá því að gögn bárust henni.

2. gr.

14. gr. tillögunnar verður 15. gr. og 1. mgr. þeirrar greinar orðast svo:

■ Þau þrjú sem hæfisnefnd hefur valið verða í kjöri til biskups Íslands. Ef ekkert þeirra fær hreinan meiri hluta greiddra atkvæða skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu.

3. gr.

Ný 16. gr. tillögunnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Kosning vígslubiskups.

■ Þau þrjú sem fá flestar tilnefningar eru í kjöri til vígslubiskups.

4. gr.

15. gr. tillögunnar verður 17. gr. og síðan breytast tölur greina í samræmi við það.

Greinargerð.

Biskup Íslands er fulltrúi þjóðkirkjunnar út á við og helsti málsvari hennar í trúarlegum og félagslegum efnum. Í flóknum og síbreytilegum aðstæðum samtímans ríður á að biskup búi yfir víðtækri og traustri menntun og reynslu er tryggir að hann/hún geti axlað þetta hlutverk. Því er mikilvægt að biskupskjör sé undirbúið með því faglega mati sem hér er lagt til að tekið verði upp.

Með þeim skipulagsbreytingum sem lagðar hafa verið fram til samþykktar á aukakirkjuþingi 2021 eru auk þess gerðar veigamiklar breytingar á biskupsembættinu. Biskup Íslands mun því í framtíðinni hafa enn veigameira hlutverk sem andlegur forystumaður þjóðkirkjunnar sem og á sviði opinberrar umræðu og að vera fremstur meðal jafningja í því að halda á lofti kristnum gildum og sjónarmiðum í samfélaginu. Slíkt hlutverk gerir miklar kröfur til þess sem því gegnir.

Með þessum breytingum er leitast við að samþætta eðlilegar kröfur um menntun og færni einstaklinga sem eru í kjöri til biskups Íslands og þeirra lýðræðislegu sjónarmiða sem kveða á um almennar kosningar.